

Leiðbeiningar um notkun

OVITRELLE®


ÁFYLLTS LYFJAPENNA



OVITRELLE®
kóriongonadotropín alfa

MERCK

LYFJAPENNINN



GEYMSLA

Geyma á Ovitrelle í ískáp (2° C-8° C).
Má ekki frjósa.

1

UNDIRBÚNINGUR LYFJAPENNANS FYRIR DÆLINGU




Fjarlægðu
innsiglisflipann af
ytri nálarhlífinni.

Mikilvægt er að lesa
notkunarleiðbeiningar
vandlega fyrir inndælingu.
Lesið einnig fylgiseðilinn
vandlega



Skrúfaðu sknúfganginn á
Ovitrelle lyfjapennanum inn í
ytri nálarhlífina þar til þú
finnur fyrir örlítilli mótstöðu.



Fjarlægðu ytri nálarhlífina með því
að toga varlega í hana.

AÐ STILLA SKAMMTINN

- Í fyrsta skipti sem þú notar nýjan OVITRELLE lyfjapenna, skaltu leita eftir litlum dropa af vökva á oddi nálarinnar áður en skammturinn er stilltur.
- Stilltu skammtinn á 250 míkrogömm með því að snúa skammtastillingunum réttisælis.
- Vertu viss um að réttur skammtur hafi verið stilltur áður en þú heldur áfram í næsta skref. Skammtaglugginn ætti nú að sýna 250, þann skammt sem lækningin hefur ávísað þér.



Ef þú sérð ekki
töluna 250
í skammtaglugganum
skaltu halda áfram
að snúa réttisælis
þar til talan
250 birtist

INNÐÆLING SKAMMATS

- Veldu stungustað á svæðinu þar sem læknir eða hjúkrunarfræðingur hefur ráðlagt þér að nota til inndælingar. Hreinsaðu húðina.
- Fjarlægðu innri nálarhlífina varlega.
- Þrýstu nálinni hægt inn í húðina og ýttu síðan skammtastillinum eins langt og hann kemst. Haltu skammtastillinum inni í 5 sekúndur til að ljúka fullri inndælingu.
- Haltu skammtastillinum inni þegar þú dregur nálina út úr húðinni.
- Talan sem birtist í skammtaglugganum breytist aftur í 0. Þetta sýnir að fullur skammtur hefur verið gefinn.



EFTIR INNDÆLINGU

FJARLÆGÐU NÁLINA EFTIR HVERJA INNDÆLINGU!

- Settu ytri nálarhlífina varlega aftur á nálina.
- Skrúfaðu nálina af með því að snúa nálarhlífinni rangsælis.
- Settu lok lyfjapennans aftur á.




Lesið vandlega upplýsingar í fylgiseðli fyrir notkun.

Stytt samantekt á eiginleikum lyfs (SmPC)

Heiti lyfs: Ovitrelle 250 µg/0,5 ml, stungulyf, lausn í áfylltri sprautu.
Innihaldslýsing: Hver sprauta inniheldur 250 µg af kóríógónadótrópín alfa í 0,5 ml lausn. **Ábendingar:** Við myndun fjölda eggja samtímis hjá fullorðnum konum við tæknifrjógvun (ART) eins og glasafrjógvun (IVF): Ovitrelle er gefið til að tryggja fullan þroska eggbúa og gulbúsmyndun eftir örvun eggbúsvaxtar. Hjá fullorðnum konum í vandræðum með egglos: Ovitrelle er gefið til að tryggja egg og gulbúsmyndun hjá konum í vandræðum með egglos eftir örvun eggbúsvaxtar. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna. Æxli í undirstúku heilans eða heiladingli. Stækkun eggjastokka eða blaðra sem er ótengd fjölblöðruheilkenni í eggjastokkum (Polycystic ovarian syndrome, PCOS). Blæðingar af óþekktum uppruna. Krabbamein í eggjastokkum, legi eða brjóstum. Virkur segareka sjúkdómur (Thromboembolic disorder). Ekki má nota Ovitrelle við aðstæður þar sem ekki er hægt að ná fram virkri svörun, eins og þegar um er að ræða bilun á eggjastokkum, missmið á kynfærum, sem gerir meðgöngu óæskilega, bandvefsæxli í legi, sem gerir meðgöngu óæskilega, konur eftir tíðarhvörf. **Markaðsleyfishafi:** Merck Europe B.V. **Dagsetning SmPC:** 10/2021. Nálágast má upplýsingar um lyfið, fylgiseðil þess og gildandi samantekt á eiginleikum lyfs á vef Lyfjastofnunar, www.serlyfjaskra.is Sé frekari upplýsinga óskað um lyfið vinsamlegast hafið samband við umboðsaðila Merck á Íslandi, Icepharma hf., Lynghalsi 13, 110 Reykjavík, sími 540 8000.





Merck AB
Icepharma
Lynghálsi 13, 110
Reykjavík Sími:
540-8000
www.icepharma.is

Júní 2022, MER220605



OVITRELLE®
kóríongonadotropín alfa

MERCK